

Himnaríki.

I.

»Visa sunt Palatia«, o. s. frv. segir Swedenborg í eínum af skemtileg-
ustu köflum ritsins um Himnaríki og
Helvítí: »Jeg hef sjéð hallir á himn-
um; eru það svo göfuglegir bú-
staðir að þeim verður ekki lýst;
þókin glóða sem hið skíra gull, en
veggirnir eins og dýrir steinar.«

Sama segir í Völuspá:

Sal veitk standa
sólu fegra
gulli þaktan
á Gimlé.

(Gimlé þ. e. Himli þ. e. himni?)
En annars segir Snorri Sturluson
svo: »at annarr himinn sje suðr ok
upp frá þessum, ok heitir sá And-
langr, en hinn þróji himinn sje
enni upp frá þeim, ok heitir sá Við-
bláinn; ok á þeim himni hyggjum
vjer þenna stað vera, en Ljósálfar
einir hyggjum vjer at nú byggvi þá
staði.« Eins og menn sjá, farast
Snorra ennþá betur orð en Völuspá,
og þurfti þó mikið til. Sweden-
borg segir eins og Snorri, að himn-
arnir sjeu þrír og englat byggi hinn
æðsta himinn; og er það eftirtektar-
vert, hvað þeim kemur vel saman
um þetta; en ekki hafði Snorri þetta
úr kristindónum, eða Swedenborg
sitt vit úr Eddu.

Snorri lýsir hinum himnesku bú-
stöðum, og nefnir ýmsa þeirra; þar
heitir einn Glitnir, sá er fagur mjög;
þar er Bilskirnir; það hús bilar ekki;
þar heitir enn stáður Ókolínir; aldrei
mun þar vera kalt inni; þá eru
Brimir og Vingólf. Og fleiri staði
fugla með Snorri, þá er goðin
byggja.

II.

Nú held jeg auðvitað ekki, að
þeir hafi rjett fyrir sjer í því Snorri
og Swedenborg, að himnarnir sjeu
þrír; þeir eru talsvert fleiri. Herschel
hefur talist svo til, að nálægt 20
miljónum sólna muni vera í vetrar-
brautinni, og þá er óhætt að gera
ráð fyrir meir en 100 miljónum
jarðstjarna; og »himnarnir« eru nátt-
úrlega jafnimargir og stjörnurnar. En
vetrarbrautin er ekki annað en eya
í geimnum, þó að hún sje miljón
biljónir rasta af enda og á, að því
er Arrhenius telur. Pessu og ýmsu
í þessa átt hefur mönnum hætt við
að gleyma, þegar þeir hafa verið að
tala um annan heim, enda ekki vitað
margt af því, sem menn hafa
ekki komist að fyr en á síðari tímu-
um. Hugmyndirnar um annan heim
stafa mest frá tínum og mönnum,
sem of lítið hafa vitað um þennan,
þó að upptök þeirra hugmynda sjeu
annarsstaðar, sem enn mun sagt
verða. Það eru til sólir 2 miljónir
mílna að þvermáli og meir, svo að
vor mikla sól mundi sýnast lítil við
hlíðing á þeim. Og þar sem jarð-
fræðin gerir ráð fyrir, að á þessari
jörð hafi lífin verið lifað með við-
leitni í vitáttina, svo að hundruð
um skiftir af áramiljónum, þá get-
ur lítill vafi verið á því, að til eru
hnættir þar sem telja verður aldur
lífsins í þúsundum eða jafnvælu tju
þúsundum áramiljona, og þar sem
þó hugsandi verur hafa getað kom-
ið upp á þessari »litlu« og »ungu«

jörð, þá má gera ráð fyrir vitandi
lifsverum á miklu æðra stigi annars-
staðar í geimnum. Og þegar vjer
reynum að hugsa þetta efni, virðist
edlilegt að gera sjer í hugarlund,
að á öðrum hnöttum kunní að lífa
þær verur, sem þegar hafa sigrað
áauða og rotnun, og hafa stefnt
svo vel á leið til alviskunnar, að þær
vifa á aðra linetti, en verða þó að
stydjast við skynsemi þeirra sem
þar búa, af ástæðum sem jeg held
mætti skýra, þó að jeg geri það
ekki að sinni; og er þá skiljanlegt
að sú þekking hljóti þó að vera
ófúllkomin um linetti, sem eru eins
og þessi jörð, þar sem i rauninni
enginn getur vitur kallast eignhá, og
þar sem heimskan er svo voldug
enn, að margt verður og stefnir að
því ástandi sem nefnist Helvítí, og
jafnvel er erfitt, ef ekki ókleift fyrst
um sinn, að koma hintum skynsöm-
ustu jarðarbúum, sem kalla sig menn,
í skilning um að slík vitan sem jeg
drap á, geti átt sjer stað. Frh.

21.—26. júní.

Helgi Pjeturss.

VÍSIR